



33. stjórnarfundur LH

24. september 2018 kl. 18:30 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Mættir úr aðalstjórn: Lárus Ástmar Hannesson formaður, Jóna Dís Bragadóttir varaformaður, Ólafur Þórisson gjaldkeri, Helga B. Helgadóttir ritari, Andrea M. Þorvaldsdóttir, Haukur Baldvinsson **Mættir úr varastjórn:** Sóley Margeirsdóttir
Fjarverandi úr aðalstjórn: Eyþór Jón Gíslason **Fjarverandi úr varastjórn:** Stefán G. Ármannsson, Rúnar Bragason, Ingimar Ingimarsson

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar

LÁH óskaði eftir að koma með bókun inn í fundargerðina. HB einnig og fengu þeir frest til 26. september til að koma með bókanir þessar.

2. Bréf til stjórnar frá BÍ „Skráning á keppnisgögnum í Worldfeng - vegna kynbótamats á keppniseiginleikum“

AMB kom með athugasemd um að einungis 5 dómara mót gildi. Samþykkt að óskað verði eftir því að mót með 3 dómurum verði tekin inni útreikninginn. Biðja um rökstuðning fyrir því hvers vegna aðeins á að taka 5 dómara mót.

3. Bréf til stjórnar frá Rusticity sem framleiðir AppFeng

Samþykkt að hitta fulltrúa Rusticity og fá kynningu á smáforritinu eftir landsþing.

4. Ársreikningar 2016-2017 Óþ

Búið er að setja upp ársreikninga og leggja vinnu í þá. HB bað um að breyta orðinu „einvaldur“ í „liðsstjóri“, þar sem landsliðsnefndin hefur notað það starfsheiti síðustu ár. Senda þarf reikningana til skoðunarmanna nú í vikunni.

5. Fjárhagsáætlun 2019-2020

Áætlunin lauslega rædd og kynnt fyrir stjórnarmönnum og mun verða send á stjórnarmenn í vikunni.

6. Tillögur frá stjórn

Stjórn hefur sett saman tvær tillögur og mun leggja fyrir landsþing. Annars vegar um hækkun árgjalda félaganna um 250 kr. Hins vegar um aukaskatt vegna Horses of Iceland verkefnisins til tveggja ára í viðbót. AMB biður um að bókað sé að hún styðji ekki tillöguna um hækkun árgjalda félaganna.

7. Dagskrá landsþings

Byrjar kl 15:00 á föstudegi. Dagskrá í vinnslu, verður haldið áfram með hana í vikunni.

8. Heiðranir á landsþingi

Samþykkt það sem fram var komið.

9. Önnur mál

- Valnefnd 2018 (SM)** – Þrír aðilar að nefndinni hafa sent inn svör við beiðni um að skipa fulltrúa í nefndina. Þessir aðilar hafa tilkynnt að þeir muni ekki gefa kost á sér í nefndina í ár. Hestaíþróttadómarafélag Íslands sér sér ekki fært að senda fulltrúa að þessu sinni.



- Enginn úr keppnisnefnd LH vill gefa kost á sér í nefndina í ár. Fulltrúar fjölmiðla hafa ekki svarað. Gæðingadómarafélag LH hefur ekki svarað pósti en mun taka þátt að sögn LÁH. Félag tamningamanna tekur ekki þátt í nefndarstörfunum í ár vegna framkomu stjórnar LH við valnefndina í fyrra, 2017. Þorvaldur Kristjánsson frá kynbótadómurum sendi póst 20. september s.l. þar sem hann gaf ekki kost á sér í nefndina en ætlaði að kanna málið sín megin. Valnefndin í ár verður því skipuð fulltrúum stjórnar LH.
- b) **LM2018** – stjórn Landsmóts hestamanna ehf. samþykkti breytta gjalddaga á greiðslum frá LM2018 ehf. að ósk mótshaldara, sem nú þegar hafa greitt 5 milljónir.
 - c) **Fundargerðir Landsmóts hestamanna ehf.** – stjórnarmenn í LH fá sendar í tölvupósti fundargerðir Landsmóts hestamanna ehf.
 - d) **Landbúnaðarklasinn (LÁH)** – HOI er okkar fulltrúi þar sem við erum aðilar að því verkefni.
 - e) **Bankahólf LH (AMP)** – Gjaldkeri mun klára málið.
 - f) **Millipinganefnd – gömlu metin.** Niðurstaða nefndar komin og verður kynnt á þinginu.
 - g) **Styrkur frá Torfa Harðar listmálara** – í formi málverks sem hann málaði á Landsmóti. HBH skoðar málið fyrir hönd æskulýðsnefndar LH.
 - h) **Dómgæsla á Íslandsmóti** – rætt var um dómgæslu á Íslandsmóti og samþykkt að hvetja dómarafélögin til að endurskoða sínar siðareglur. Rætt var um dómaramál almennt, kostnað við dómara, akstursgreiðslur og hvort dómarar ættu í raun að vera í fríu fæði á mótum á meðan dómgæslu stendur, þar sem þeir eru einnig á launum í matar- og kaffitímum. Þar kom fram að erlendur dómari rukkaði fyrir akstur frá heimili sínu að flugvelli ásamt bílageymslugjaldi.
 - i) **Yfirdómaramál á LM2018** – stjórn ræddi yfirlýsingu sem kom frá stjórn GDLH í kjölfar skipunar yfirdómara á Landsmóti. Samþykkt að boða stjórn GDLH á fund og fara yfir það mál.

*Ekki fleira tekið fyrir. Fundi slitið um 21.30.
Fundargerð ritaði Hilda Karen Garðarsdóttir.*